

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundum sínum þann 7. september og 7. desember 2006 óverulegar breytingar á deiliskipulagi Kaupþúns, verslunar- og þjónustusvæðis í Urriðaholti, sem samþykkt var í október 2005. Breytingarnar (1e og 1f) hafa fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Í breytingunum felst eftirfarandi:

Heildarbyggingarmagn á lóð 6 eykst úr 12.000 m² í 14.000 m² og byggingarreitur er stækkaður lítillega til vesturs.

Heildarbyggingarmagn á deiliskipulagssvæðinu eykst úr 49.000 m² í 51.000 m² og nýtingarhlutfall eykst sem því nemur eða úr 0,18 í 0,19.

Lóð T1 fyrir spennistöð er færð til á svæðinu.

Ýmsar minniháttar breytingar á orðalagi greinargerðar til einföldunar.

Mikilvægi hönnunar ofanvatnslausna er áréttað í greinargerð og kvöð lögð á varðandi hönnun sjálfbærra ofanvatnslausna á öllum lóðum.

Upplýsingum um jarðfræði m.a. um legu jarðsprungna bætt inn í skipulagið.

Afmarkaður er byggingarreitur fyrir spennistöð í norðausturhorni lóðar nr. 6.

Aflétt er skilyrðum um hraunhól á lóð nr. 6.

Deiliskipulagsbreytingarnar öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 16. mars 2007.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 19. mars 2007